

II. Útborganir:					82 11. júní	
					Fjárveiting	Reikningur
					kr.	kr.
1.	Gjöld	samkv.	7. gr.	fjárlaga	1 558 500.00	1 689 667.53
2.	—	—	8. —	—	60 000.00	60 000.00
3.	—	—	9. —	—	250 920.00	270 068.47
4.	—	—	10. —	—	473 746.00	531 634.38
5.	—	—	11. —	A. —	1 277 280.00	1 425 547.88
6.	—	—	11. —	B. —	284 000.00	323 714.36
7.	—	—	12. —	—	698 442.00	916 121.26
8.	—	—	13. —	A. —	1 535 302.00	1 637 183.05
9.	—	—	13. —	B. —	618 000.00	714 851.24
10.	—	—	13. —	C. —	621 750.00	630 368.93
11.	—	—	14. —	A. —	328 120.00	389 155.39
12.	—	—	14. —	B. —	1 514 567.00	1 804 984.76
13.	—	—	15. —	—	196 160.00	227 518.33
14.	—	—	16. —	—	3 225 225.00	3 468 505.70
15.	—	—	17. —	—	1 539 700.00	1 434 101.62
16.	—	—	18. —	—	321 421.00	312 726.71
17.	—	—	19. —	—	100 000.00	300 997.63
18.	Eignabreytingar	samkv.	20. gr.	fjárlaga	1 339 100.00	2 632 959.55
Samtals					15 942 233.00	18 770 106.79

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

83

11. júní

um að flytja fé ellistyrktarsjóða sveitar- og bæjarfélaga úr aðaldeild
söfnunarsjóðs í útborgunardeild hans.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ellistyrktarsjóðir bæjar- og sveitarfélaga, sem nú eru á vöxtum í aðaldeild söfnunarsjóðs Íslands, skulu nú þegar fluttir í útborgunardeild sjóðsins og falla til útborgunar 1. júlí 1939 til Tryggingarstofnunar ríkisins.

- 83 Söfnunarsjóðurinn greiðir ellistyrktarsjóðina með skuldabréfum, sem tryggð
11. júní eru með 1. veðrétti í fasteignum, og skuldabréfum, sem sveitar- og bæjarfélög hafa gefið út með tryggingu í eignum sínum og tekjum, eftir nánara samkomulagi við Tryggingarstofnun ríkisins.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.

84

- L Ö G

11. júní

um breyting á lögum nr. 81 23. júní 1936, um sveitarstjórnarkosningar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenberg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Aftan við 2. málsg. 10. gr. laga nr. 81 23. júní 1936 bætist nýr málsl., svo hljóðandi: Við kosningar í hreppum mega þó frambjóðendur eiga sæti í kjörstjórn, ef það sætir ekki ágreiningi í hlutaðeigandi hreppsnefnd.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 11. júní 1938.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Skúli Guðmundsson.